

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 18. desember 2020 í máli nr. 62/2020

Kæruneftndina skipa í þessu máli Ívar Halldórsson lögfræðingur, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 23. júní 2020 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings við Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að vélsleði, sem upphaflega var seldur af varnaraðila, hafi verið haldinn galla og krefst þess að viðgerð fari fram á kostnað varnaraðila. Varnaraðili krefst þess aðallega að kvörtun sóknaraðila verði vísað frá kæruneftndinni en til vara að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kæruneftndinni

Með tölvubréfum, dags. 30. júní og 13. ágúst 2020, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust nefndinni 25. ágúst 2020. Sóknaraðili sendi nefndinni athugasemdir við andsvör varnaraðila þann 3. september 2020. Varnaraðili sendi nefndinni frekari athugasemdir þann 7. september 2020.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara, athugasemda sóknaraðila og athugasemda varnaraðila, mynd af pústventlum og olúdælu vélsleðans, afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og varnaraðila, staðfesting þriðja aðila á kaupum vélsleðans af varnaraðila, skjáskot af Facebook síðu varnaraðila, yfirlit yfir þjónustusögu vélsleðans, yfirlýsing frá umboðsaðila framleiðanda hér á landi, dags. 2. september 2020 svo og álit sérfróðs aðila sem kæruneftndin aflaði samkvæmt heimild í 1. mgr. 10 gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili festi kaup á vélsleða af gerðinni Skiido Freeride 850 af einstaklingi að nafni Z þann 3. apríl 2020 fyrir 2.500.000 krónur. Z hafði áður fest kaup á vélsleðanum af varnaraðila þann 4. apríl 2019.

Stuttu eftir kaupin segir sóknaraðili að í ljós hafi komið olíuleki frá pústventlum í vél og olíuleki frá olúdælu fyrir mótör. Sóknaraðili telur að vélsleðinn sé haldinn galla sem varnaraðili beri ábyrgð á sem innflytjandi og seljandi vélsleðans.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að greiða fyrir viðgerð vélsleðans á viðurkenndu þjónustuverkstæði á Akureyri, þannig að lagfærður verði olíuleki frá olúdælu fyrir mótör, olíuleki frá pústventlum á vél, að kæslilöngu fyrir mótör verði skipt út vegna innköllunar og að varnaraðili gangist við því að bera ábyrgð í samræmi við ábyrgðarskilmála framleiðanda. Varnaraðili krefst þess aðallega að kvörtun sóknaraðila verði vísað frá kæruneftndinni en til vara að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili bendir á að bilun hafi komið í ljós í vélsleðanum þegar honum hafði aðeins verið ekið um 1.000 km. Í kjölfarið hafði sóknaraðili samband við varnaraðila vegna bilunarinnar. Varnaraðili benti sóknaraðila á að leita til A, sem fer með umboð fyrir framleiðanda vélsleðans

hér á landi. Síðar kom að sögn sóknaraðila í ljós að A hefur aðeins umboð fyrir vélsleða sem framleiddir eru fyrir markaði í Evrópu samkvæmt samningi við framleiðanda. Umræddur vélsleði er framleiddur í Kanada og fellur því ekki undir umboð A. Sóknaraðili kveðst þó hafa fengið staðfestingu frá A að um galla væri að ræða vegna leka frá olíudælu og pústventlum, sem ættu undir ábyrgðarskilmála framleiðanda ef vélsleðinn hefði verið seldur nýr af hálfu A. Sóknaraðila voru einnig veittar upplýsingar af hálfu A um að framleiðandi hafi gefið út innköllun þar sem þörf sé á að skipta um kæslilöngu fyrir mótör vegna mögulegs leka.

3.2. Andsvör varnaraðila

Varnaraðili telur að kærunefndinni beri að vísa kvörtun sóknaraðila frá nefndinni þar sem ágreiningur málsins eigi ekki undir gildissvið laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála. Vísar varnaraðili í því sambandi til þess að varnaraðili eigi ekki undir skilgreininguna á seljanda í 2. tölul. 4. gr. laganna. Varnaraðili bendir á að hann hafi keypt vélsleðann í Bandaríkjunum til einkanota og síðar selt hann til einstaklings að nafni Z, sem síðar seldi sóknaraðila sleðann. Engin viðskiptatengsl séu á milli sóknaraðila og varnaraðila. Þá fari varnaraðili ekki með umboðssölu nokkurra vara hér á landi. Félagið hafi afar takmarkaða starfsemi með höndum en hafi í einstaka tilvikum flutt inn lausafjarmuni. Varnaraðili kveðst ekki hafa atvinnu af sölu nokkurra vara. Hafi til að mynda enginn kaupsamningur verið gerður milli varnaraðila og Z líkt og þekktist þegar hlutir eru keyptir á sölusíðum á netinu.

Varnaraðili bendir á að það sé með öllu ósannað að vélsleðinn hafi verið haldinn galla við söluna til sóknaraðila. Ekki hafi verið farið með vélsleðann í ástandsskoðun eða aðra sambærilega skoðun og því sé ekki annað vitað um ástand sleðans við söluna en að hann hafi virkað sem skyldi. Þá sé varnaraðila með öllu ókunnugt um notkun Z og síðar sóknaraðila á vélsleðanum eftir kaupin. Varnaraðili telur að sóknaraðili hafi að auki vanrækt aðgæsluskyldu sína við kaupin með því að láta ekki skoða vélsleðann. Þar af leiðandi eigi reglur um galla ekki við í málinu.

3.3. Athugasemdir sóknaraðila

Í athugasemdum sínum vísar sóknaraðili til 1. mgr. 35. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup þar sem mælt er fyrir um heimild til að gera kröfu á hendur fyrri söluaðila. Sóknaraðili bendir einnig á að við skoðun á Facebook síðu varnaraðila megi sjá að innflutningur og sala af hálfu varnaraðila sé mun umfangsmeiri en getið er í andsvörum varnaraðila. Sóknaraðili segir að varnaraðili hafi upplýst Z og síðar sóknaraðila um að sleðinn sé í ábyrgð hjá A. Sú ranga upplýsingagjöf hafi verið í ósamræmi við ákvæði neytendakaupalaga. Sóknaraðili segist hafa mikla reynslu og þekkingu af notkun vélsleða. Hann kveðst ekki hafa vanrækt aðgæsluskyldu sína við kaupin og ekki sé unnt að rekja bilunina til notkunar fyrri eiganda eða sóknaraðila. Sóknaraðili telur að varnaraðila beri að ábyrgjast vöru sem fyrirtækið markaðssetur og flytur til landsins.

IV

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili keypti vélsleða af gerðinni Skiido Freeride 850 af einstaklingi að nafni Z þann 3. apríl 2020. Z hafði áður fest kaup á vélsleðanum af varnaraðila þann 4. apríl 2019. Varnaraðili krefst þess aðallega að kvörtun sóknaraðila verði vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa og vísar varnaraðili í því sambandi til þess að hann geti ekki talist seljandi í skilningi laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála. Varnaraðili hafi ekki selt

sóknaraðila umræddan vélsleða, fari ekki með umboð fyrir vélsleðann og hafi ekki atvinnu af innflutningi og sölu lausafjármuna.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála er markmið þeirra að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegrri málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla. Löggin taka til ágreinings um samninga sem neytendur gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laganna. Með neytanda er átt við einstakling sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna. Með seljanda er átt við einstakling, félag, opinberan aðila og aðra sem koma fram í atvinnuskyni og gera samninga við neytendur, svo og hvern þann sem í atvinnuskyni kemur fram í umboði eða fyrir hönd seljanda, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna. Samkvæmt athugasemdum í frumvarpi til laganna er hugtakinu seljandi ætlað að ná til hvers konar atvinnustarfsemi.

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa hefur samkvæmt 1. mgr. 16. gr. laganna úrskurðarvald í málum vegna ágreinings milli neytenda og seljenda sem rís af sölu- eða þjónustusamningi samkvæmt lögunum. Með sölusamningi er átt við samning milli seljanda og neytanda um kaup á vöru gegn endurgjaldi, svo og hvers konar samninga sem varða bæði vörur og þjónustu, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 81/2019.

Af gögnum málsins verður ráðið að varnaraðili hafi atvinnu af sölu lausafjármuna og hefur ekki áhrif í því sambandi hversu mikil sú starfsemi er að umfangi. Með kaupum Z á vélsleðanum af varnaraðila var um sölusamning milli neytanda og seljanda að ræða í skilningi laga nr. 81/2019. Sóknaraðili hefur ákveðið að beina kröfum sínum í máli þessu að varnaraðila sem var ekki viðsemjandi sóknaraðila. Sóknaraðili hefur heimild til að beina kröfum sínum að fyrri samningsaðila seljanda vöru samkvæmt 35. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.). Um beina kröfu er að ræða sem heimilar kaupanda að ganga inn í rétt viðsemjanda síns á hendur fyrri samningsaðila. Með slíku lögbundnu framsali gengur kaupandi inn í rétt viðsemjanda síns. Það gerir sóknaraðili í máli þessu og byggir þar með kröfur sínar á hendur varnaraðila á þeirri kröfu sem Z hefði verið unnt að beina að varnaraðila. Með hliðsjón af framangreindu er ekki fallist á kröfu varnaraðila um frávísun kvörtunar sóknaraðila.

Fyrir liggur að olíuleki kom í ljós frá olíudælu fyrir mótör og frá pústventlum rúmlega ári eftir að Z festi kaup á vélsleðanum af varnaraðila. Sóknaraðili telur að olíulekinn stafi af galla sem varnaraðili beri ábyrgð á. Krafa sóknaraðila gagnvart varnaraðila vegna bilunar vélsleðans er þrjúþætt. Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að greiða fyrir viðgerð vegna olíuleka frá olíudælu fyrir mótör, vegna olíuleka frá pústventlum á vél og að kælislöngu fyrir mótör verði skipt út vegna innköllunar framleiðanda. Þá krefst sóknaraðili þess einnig að varnaraðila verði gert að bera ábyrgð á vélsleðanum í samræmi við ábyrgðarskilmála framleiðanda.

Í 15. gr. nkpl. er fjallað um hvaða eiginleika söluhlutur þarf að hafa. Í a-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til“. Í b-lið 2. mgr. segir svo að söluhluturinn skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað“. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. laganna kemur fram að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr. Þá mælir 18. gr. nkpl. fyrir um sönnun á galla og tímamark hans, en þar segir í 2. mgr. að galli, sem upp komi innan sex mánaða frá því að áhætta söluhlutar fluttist til neytanda, teljist hafa verið til staðar á því tímamarki, þ.e. við afhendingu. Að þeim tíma liðnum færast sönnunarbyrðin yfir til neytanda. Söluhlutur telst ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna.

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa leitaði álits sérfróðs aðila til aðstoðar við úrlausn máls þessa samkvæmt heimild í 1. mgr. 10 gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Álit hans liggur fyrir í gögnum málsins. Að áliti sérfræðingsins er ekki unnt

að rekja olíuleka, annarsvegar frá pústventlum á vél vélsleðans, og hins vegar frá olíudælu fyrir mótör, til notkunar og umhirðu vélsleðans. Að áliti sérfræðingsins er unnt að rekja olíulekann til framleiðslugalla sem var til staðar við upphaflega sölu vélsleðans til Z þann 4. apríl árið 2019.

Vélsleðinn hafði aðeins verið í notkun í rúmlega eitt ár og honum ekið um 1.000 km. Þegar olíulekinn kom í ljós. Með hliðsjón af þessu, fyrirliggjandi áliti sérfróðs aðila og öðrum þeim upplýsingum sem liggja fyrir í málinu verður að fallast á það með sóknaraðila að vélsleðinn hafi verið haldinn galla við sölu til Z þann 4. apríl árið 2019 samkvæmt b. lið 2. mgr. 15. gr. nkpl., sbr. a. liður 1. mgr. 16. gr. laganna.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að greiða fyrir viðgerð á vélsleðanum vegna gallans. Í 26. gr. nkpl. er mælt fyrir um þau vanefndarúrræði sem neytandi getur gripið til vegna galla á söluhlut en þau eru m.a. úrbætur eða ný afhending samkvæmt 29. og 30. gr. nkpl. Samkvæmt 1. mgr. 29. gr. nkpl. getur neytandi valið á milli þess að krefja seljanda um úrbætur á galla á eigin reikning eða krefjast nýrrar afhendingar af seljanda.

Fallist er á kröfu sóknaraðila um að varnaraðila beri að bæta úr galla vélsleðans vegna olíuleka frá pústventlum og olíudælu á eigin kostnað, sbr. 1. mgr. 29. gr. nkpl. Í ummælum í frumvarpi til 1. mgr. 29. gr. nkpl. kemur fram að seljandi geti falið öðrum aðila að aðstoða sig við úrbætur. Ákvörðun þess efnis hvort varnaraðili taki sjálfur að sér að bæta úr gallanum eða feli öðrum aðila það verk á kostnað varnaraðila, er undir varnaraðila komin. Framkvæmd úrbóta skal fara fram í samræmi við ákvæði nkpl., án kostnaðar og verulegs óhagræðis fyrir neytanda, innan hæfilegs tíma og þannig að neytandinn fái bætt útgjöld sín úr hendi seljanda, sbr. 1. mgr. 30. gr. nkpl. Þess ber að geta að úrskurðir nefndarinnar eru aðfararhæfir, að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum, sbr. 5. mgr. 18. gr. laga nr. 81/2019. Ef úrskurðurinn verður aðfararhæfur og varnaraðili fæst ekki til að vinna verkið í samræmi við úrskurðarorð getur sóknaraðili leitað aðfarar eftir 2. mgr. 77. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.

Sóknaraðili krefst þess einnig að varnaraðila verði gert að skipta út kælislöngu fyrir mótör vegna innköllunar og að varnaraðila verði gert að ábyrgjast vélsleðann í samræmi við ábyrgðarskilmála framleiðanda út ábyrgðartímamann.

Ekkert hefur komið fram í málinu sem bendir til þess að bilun hafi komið fram á kælislöngu fyrir mótör í umræddum vélsleða þrátt fyrir innköllun framleiðanda. Er því ekki unnt að fallast á kröfu sóknaraðila um að varnaraðila greiði fyrir að kælislöngunni sé skipt út enda liggur ekki fyrir að hún sé haldin galla. Varnaraðili hefur samkvæmt gögnum málsins ekki gert samning við framleiðanda vélsleðans. Er því ekki unnt að líta á varnaraðila sem umboðsaðila fyrir hönd framleiðanda hér á landi. Verður því ekki fallist á að varnaraðili skuli almennt beri ábyrgð á vélsleðanum í samræmi við ábyrgðarskilmála framleiðanda.

V

Úrskurðarorð

Varnaraðili, Y, skal bæta úr galla á vélsleða sóknaraðila, X, af gerðinni Skiido Freeride 850, árgerð 2019, vegna olíuleka frá pústventlum í vél og olíuleka frá olíudælu fyrir mótör.

Öðrum kröfum sóknaraðila er hafnað.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða gjald vegna kostnaðar nefndarinnar af meðferð málsins að fjárhæð 15.000 krónur, sbr. 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Víðir Smári Petersen
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson